# Námsáætlun

| | |
|---|---|
| **Kennari:** | **Hanna Lára Baldvinsdóttir** |
| **Áfangi/fag:** | **NÁMS1VN03 - Námstækni** |

**Stutt lýsing**

Námstækni gengur út á að kynna nemendum árangursríkar aðferðir í námi, leiðir til að efla sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð. Einnig að styðja nemendur í að setja sér raunhæf markmið og axla ábyrgð á eigin námi.

**Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)**

**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Stuðla að því að nemendur meti og endurskoði námsvenjur sínar og aðrar lífsvenjur sem geta haft áhrif á nám
- Sjálfsþekking, stuðla að því og kenna nemendum að skipuleggja tíma sinn og setja sér skýr markmið í námi.

**Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að**:**

- Beita góðri námstækni
- Taka þátt í umræðum og tjá eigin skoðanir, jafnframt að tjá sig fyrir framan nemendahópinn
- Þekkja eigin styrkleika og veikleika

**Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Setja sér raunhæf markmið sem tengjast námi og starfi
- Bæta námsárangur t.d. með tímastjórnun og minnistækni
- Nota árangursríkar námsaðferðir
- Taka ábyrgð á eigin námi

**Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)**

Ljósritað lesefni frá kennara, vefsíður og myndbönd. Microsoft Teams hópur.
Hringsjá útvegar allt námsefni fyrir nemendur.

**Námsmat**

**Mæting og tímaverkefni:** 30% (virkni í tímum; þátttaka í umræðum og samvinna)
**Upprifjunarverkefni:** 20%
**Lokakönnun:** 50% (hér þarf að ná að lágmarki 4,5 til að ná áfanganum)

**Nemandi þarf að ná 80% mætingu til að ljúka áfanga.**